



GRÆNA ORKAN

Stjórnarfundur Grænu orkunnar 23.3.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:00**. Mætt voru: Ágústa S. Loftsdóttir, Benedikt Stefánsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Margrét Þórólfsdóttir, og María Jóna Magnúsdóttir. Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundargerð og Jón Björn Skúlason sat einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Engar athugasemdir bárust og telst fundargerðin því samþykkt.
2. Málefnavinna starfsársins 2020-2021
Hópar málefnavinnu
 - Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta (GVS)
 - Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun (ÁSL)
Orkuskiptaáætlun verður uppfærð í vetur en ÁSL og ESG hafa átt fund með Samorku til að ræða hugmyndir sem unnið verður úr.
 - Gerð eldsneytisvegvísis (BS, ÁÞ)
Eldsneytisvegvísir verður skoðaður betur í júní, farið yfir valkosti og öflun efnis frá mismunandi aðilum mun fara af stað.
3. Viðburðir 2020-21
 - Aðalfundur félagsins 4. maí
 - Tímabil varamanna
Stjórn var sammála um að eðlilegt væri að varamenn sætu tvö ár og kosið um einn varamann á ári. Eftir síðasta aðalfund þá var þeim sem hlutu fæst atkvæði boðið sæti varamanns í stjórn.
 - Enskt heiti félagsins
Rætt um ýmsar útgáfur af ensku heiti félagsins og tillögur hönnuðar að útfærslu á lógói. Niðurstaðan var sú að fá hönnuð til að útfæra enskt heiti í smáum texta undir hefðbundnum lógói GO á íslensku og ræða frekar tillögur til breytingar á ensku heiti úr Icelandic Green Transition Alliance í annað sem lýsir betur starfsemi félagsins.
 - Orkuskipti í flugvallarstarfsemi (ÁÞ, BFG og GVS - maí 2021)
 - Samstarf við Grænni byggð, Byggjum grænni framtíð, Landsvirkjun um viðburð undir yfirskriftinni *Orkuskipti á framkvæmdastað* 4. júní 2021
 - Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – í biðstöðu

- Raforkuspá og eldsneytisspá – í biðstöðu
- Staða innviða til orkuskipta í höfnum (ESG, Verkís – vor 2021)
- Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (haust 2021)

4. Önnur mál

Rætt um ívilnanir til að liðka fyrir verkefnum sem tengjast orkuskiptum í þungaflutningum. JBS mun útbúa drög að bréf til ráðuneyti um til hvaða aðgerða megi grípa til að styðja við orkuskipti í þessum geira og deila með fulltrúum atvinnulífsins í stjórn.

JBS sagði frá [fundi Loftslagsráðs sem streymt verður 5. maí](#) en þarf verður fjallað um sóknarfæri í loftslagsmálum ferðaþjónustunnar. Hann mun þar taka þátt í pallborðsumræðum fyrir hönd Íslenskrar Nýorku. Kanna hvort grundvöllur sé fyrir aðkomu Grænu orkunnar að fundaröð ráðsins.

Einnig var rætt um Nordic clean energy scenarios sem í vinnslu á vegum Nordic Energy Research. JBS mun senda stjórnarmönnum hlekk á drög.

ESG nefndi [skýrslu á vegum NER](#) sem fjallar um stöðu sjálfbærni- og orkumála í norrænni flugstarfsemi.

705. mál frá nefndasviði Alþingis var einnig rætt lítillega en það snýst um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026. Ákveðið að GO skrifaði ekki umsögn um málið heldur styddi frekar tillögu Samorku. AMK mun fylgja málinu eftir.